

## AUGLÝSING

### um breytingu á aðalskipulagi Akureyrar 1998 - 2018, við Hraungerði.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 17. október 2001 staðfest breytingu á aðalskipulagi Akureyrar 1998-2018 frá 4. september 1998.

Breytingin felst í því að reitur á horni Hraungerðis og Dalgerðis sem er skilgreindur sem óbyggt svæði og almennt útivistarsvæði verður íbúðasvæði. Auk þess er Dalsgerði breytt í safngötu.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Akureyrar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Umhverfisráðuneytinu, 17. október 2001.*

**Siv Friðleifsdóttir.**

---

*Magnús Jóhannesson.*